

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir þjónustu veitta af Ríkismati sjávarafurða.

1. gr.

Ríkismat sjávarafurða skal innheimta gjald hjá fiskvinnslustöðvum fyrir yfirtöku á afurðum og störf, sem tengjast henni.

Ríkismatið tekur gjald fyrir vinnsluleyfi og útflutningsvottorð, sem það gefur út til fiskvinnslustöðva.

Ríkismatið skal og taka gjald fyrir hæfnisvottorð, sem það gefur út til fiskiskipa.

2. gr.

Pegar matsmaður hefir lokið störfum hverju sinni samkvæmt 1. mgr. 1. gr., skal hann skrifa vinnuskýrslu með tilgreindum fjölda dag-, eftir- og næturvinnustunda, sem hann hefir unnið og skal vinnuþegi eða trúnaðarmaður hans staðfesta hana með undirskrift sinni. Matsmaður afhendir Ríkismatinu fullfrágengnar vinnuskýrslur sínar.

Ríkismatið reiknar út launakostnað samkvæmt vinnuskýrslum, sem um getur í 1. mgr., eftir launataxta Fiskmatsmannafélags Íslands að viðbættum 100% fyrir launatengdum gjöldum og ferða- og upphaldskostnaði.

Heimilt er að taka sérstakt yfirtöku- og útflutningsmatsgjald fyrir hverja tunnu grásleppuhrogn í stað launakostnaðar samkvæmt 1. og 2. mgr., samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins hverju sinni. Sama máli gegnir um önnur söltuð hrogn.

Útflytjendum og samtökum útflytjenda er skylt að greiða f. h. umbjóðenda sinna reikninga, sem gefnir eru út samkvæmt þessari grein.

Séu gerðar efnagreiningar og/eda gerlaprufur, skulu þær greiddar samkvæmt reikningi.

3. gr.

Fyrir vinnsluleyfi til fiskvinnslustöðva samkvæmt 2. mgr. 1. gr., skal greiða gjald eins og hér segir:

	kr.
1. Grásleppustöðvar	500
2. Saltfisk- og skreidarstöðvar	1500
3. Frystihús, þ. m. t. skelfiskvinnslustöðvar	2500

Fyrir útflutningsvottorð skal greiða kr. 100.

Innheimta má greiðslur þessar hjá sömu aðilum og um getur í 3. mgr. 2. gr.

4. gr.

Fyrir hæfnisvottorð til fiskiskipa samkvæmt 3. mgr. 1. gr., skal greiða eins og hér segir:

	kr.
1. Fiskibátar 10—25 brúttórúmllestir	500
2. Fiskibátar 26—100 brúttórúmllestir	700
3. Fiskibátar 101—200 brúttórúmllestir	850
4. Fiskibátar 201 brúttólestir og stærri	1000
5. Loðnuveiðiskip	1750
6. Togarar	2300

Matsmaður, sem gefur út vottorð samkvæmt þessari grein skal innheimta gjaldið gegn afhendingu vottorðsins og stendur hann síðan skil á því til Ríkismatsins.

5. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru á lögð og innheimt samkvæmt heimild í 26. gr. laga nr. 53 30. maí 1984 til að öðlast gildi 1. mars 1985.

Jafnframt falla úr gildi eldri heimildir Framleiðslueftirlits sjávarafurða og síðar Ríkismats sjávarafurða til að innheimta gjöld fyrir veitta þjónustu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. febrúar 1985.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Ingimar Einarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 327 21. júní 1982, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

2. tl. 2. gr. orðist svo:

Norður af Kögri allt árið á svæði, er markast af línnum milli eftirgreindra punkta:

- a) 67°19'6 N, — 23°01'0 V
- b) 67°20'0 N, — 22°32'5 V
- c) 67°01'0 N, — 22°12'3 V
- d) 66°57'0 N, — 23°21'0 V
- e) 67°03'3 N, — 23°30'6 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. febrúar 1985.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.